

Stop Motion Studio






Að búa til nýtt myndskaiði:

1.a.

Veldu plúsinn efst til vinstri á upphafsskjánum.




1.b.

Snertu rauða hringinn til hægri til þess að taka myndir beint úr forritinu.

Ath. best er að setja spjaldtölvuna á stand og láta hana vera kyrr á sama stað á meðan verið er að taka myndir.


Þú getur náð í myndir úr myndasafninu þínu í spjaldtölvunni með því að snerta plúsinn neðst á skjánum og velja „Add Images“.

Ath. það þarf að kaupa aðgang að þessum möguleika í forritinu.



1.c.

Snertu play-takkann til hægri til þess að skoða myndskaiðið þitt.






Að nota tímastilli (timer) fyrir myndatöku:

Gott getur verið að nota tímastilli fyrir myndatöku þegar þú vilt sjálf(ur) vera með á myndinni.


2.a.

Snertu timer-táknið efst til hægri.



2.b.


Dragðu mælistikuna að þeim fjölda sekúnda sem á að líða áður en myndin er tekin.



2.c.

Veldu „Done“.

Nú líður smá tími eftir að þú snertir rauða hringinn þangað til myndin verður tekin og þú hefur tíma til að koma þér fyrir.





Að stilla hraðann:


3.a.

Snertu tannhjólíð til þess að gera stillingar á myndskeiðinu.



3.b.

Snertu hraða-táknið lengst til vinstri, dragðu síðan til mælistikuna og veldu „Done“.



3.c.

Snertu play-takkann til hægri til þess að skoða myndskeiðið þitt.

Ef þú vilt stilla hraðann aftur skaltu endurtaka 3.a. og 3.b.






**Að bæta við upphafsmynd
fyrir myndskeiðið:**


4.a.

Snertu plúsinn neðst til vinstri
og veldu „Title and Credits“.




4.b.

Veldu útlit fyrir
upphafsmyndina.



4.c.


Snertu textann sem þú vilt
breyta lengst til hægri og
snertu síðan textareitinn á
myndinni.






4.d.

Skrifaðu textann sem þú vilt hafa á lyklaborðið og snertu síðan „Done“



4.e.

Þú getur breytt fleiri hlutum í upphafsmyndinni með því að velja þá lengst til vinstri og síðan snerta þá á myndinni.



4.f.

Þegar þú ert sátt(ur) við upphafsmyndina skaltu snerta örina efst til vinstri.






Að bæta skraut inn á einstakar myndir:


5.a.

Snertu myndina sem þú vilt skreyta neðst á skjánum.




5.b.

Veldu „Edit“.



5.c.

Snertu plúsinn efst til hægri.






5.d.

Veldu það skraut sem þú vilt.


Það er t.d. hægt að setja inn ýmis form („shape“), andlit („face“), skrifa texta („text“) eða teikna („add drawing“).

Ath. sumt skraut þarf að kaupa aðgang að í forritinu.



5.e.


Til þess að aðlaga skrautið sem þú settir inn þarftu að snerta táknmyndina fyrir skrautið hægra megin á skjánum og velja síðan „Format“ efst til hægri.



5.f.

Í valglugganum geturðu m.a. valið önnur form og annan lit (fyrir „shape“ og „face“) og aðra leturgerð (fyrir „text“).


Snertu „Done“ þegar þú ert búin(n) að aðlaga skrautið.






5.g.

Þú getur færð skrautið til með því að snerta það á myndinni, þannig að það komi blár rammi í kring, og draga það síðan til.




5.h.

Þú getur eytt skrauti af myndinni með því að snerta táknmyndina hægra megin á skjánum og velja síðan „Delete“.



5.i.

Snertu örina efst til vinstri þegar þú ert búin(n) að bæta skraut inn á myndina.






Að bæta hljóði inn á einstakar myndir:


6.a.

Snertu myndina sem hljóðið á að byrja á neðst á skjánum.



6.b.

Veldu „Audio“.




6.c.

Snertu „Sound Effects“ neðst til þess að velja hljóð sem fylgja forritinu.

Þú getur hlustað á hljóðin sem fylgja forritinu með því að snerta play-takkann fyrir framan hvert hljóð.

Þú velur hljóð til að nota með því að snerta nafnið á hljóðinu.






Að bæta við bakgrunnstónlist:

7.a.


Snertu plúsinn neðst til vinstri og veldu „Audio“.



7.b.

Snertu „Theme Music“ neðst til þess að velja tónlist sem fylgir forritinu.


Snertu „Library“ til þess að velja tónlist úr tónlistarsafninu í spjaldtölvunni.
Ath. Það þarf að kaupa aðgang að þessum möguleika í forritinu.



7.c.

Þú getur hlustað á tónlistina sem fylgir forritinu með því að snerta play-takkann fyrir framan hvert lag.

Þú velur lag til að nota sem bakgrunnstónlist með því að snerta nafnið á laginu.





Að taka upp eigin rödd með myndskreiðinu:

8.a.
Veldu fremstu myndina (lengst til vinstri) neðst á skjánum til þess að byrja að taka upp frá byrjun.


Snertu síðan hljóðnemann til vinstri.



8.b.

Snertu „Record“ til þess að byrja að taka upp.

Forritið telur niður frá þremur áður en upptaka hefst.




8.c.

Snertu „Stop“ til þess að hætta upptöku.

Ef þú ert sátt(ur) við upptökuna skaltu velja „Done“.

Ef þú vilt prófa að taka upp aftur skaltu velja aftur „Record“.





Að bæta ramma ofan á myndskeiðið:

9.a.

Snertu tannhjólið.



9.b.

Snertu ramma-táknið efst og veldu síðan ramma.

Ath. það er hægt að kaupa aðgang að fleiri römmum í forritinu.



9.c.

Snertu „Done“ þegar þú ert búin(n) að velja.





Að deila myndskreiði með öðrum:


10.a.

Þegar myndskreiðið þitt er tilbúið skaltu snerta örina lengst til vinstri.




10.b.

Snertu „Select“ efst til hægri.



10.c.


Snertu myndskreiðið sem þú vilt deila og síðan deili-táknið efst til vinstri.





10.d.


Veldu „Export Movie“ til þess að vista myndskreiðið inn í myndasafnið þitt og deila því þaðan eða til þess að deila því t.d. á Facebook.



10.e.

Veldu „Save Video“ til þess að vista myndskreiðið inn í myndasafnið þitt.

Veldu táknmynd efst til þess að deila myndskreiðinu eftir öðrum leiðum, t.d. á Facebook.



10.f.

Þú getur líka deilt myndskreiðinu sem GIF (litla hreyfimynd) með því að velja „Animated GIF“ og senda það t.d. í gegnum Messages eða Messenger.

